

Úrskurður

Samgöngustofu nr. 22/2024 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi Easyjet nr. EZY6942 þann 20. desember 2022.

I. Erindi

Þann 24. janúar 2023 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá ABC (kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi Easyjet (EJ) nr. EZY6942 frá Keflavík til Edinborgar þann 20. desember 2022 kl. 15.55. Fluginu var fyrst seinkað svo aflýst og komust kvartendur á áfangastað með 29 klst. seinkun.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 466/2024 um réttindi flugfarþega.

II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi EJ kvörtunina til umsagnar með tölvupósti þann 26. janúar 2023. Í svari EJ sem barst þann 27. janúar 2023 kom m.a. fram

Response

Article 5(3) of the Regulation states that:

"An operating air carrier shall not be obliged to pay compensation in accordance with Article 7, if it can prove that the cancellation is caused by extraordinary circumstances which could not have been avoided even if all reasonable measures had been taken."

As such, the right to compensation is excluded by reference to Article 5(3) of the Regulation if a carrier can prove that, the disruption was caused by extraordinary circumstances and that that disruption could not have been avoided even if all reasonable measures had been taken.

We rely on Article 5(3) of the Regulation and aver that there is no right to compensation for this flight under the Regulation or otherwise.

Extraordinary Circumstances

EZY6942 (the "Flight") was originally scheduled to be operated by an Airbus A319, bearing tail registration G-EZDD (the "Aircraft"), however it could not perform to its original schedule due to adverse meteorological conditions (Exhibit 1).

On the day of the Flight, adverse meteorological conditions, namely "strong winds" above ground handling limits, affected several flights' schedules to and from KEF. Consequently, three rotations were cancelled and, three other rotations were delayed overnight to Wednesday (Exhibits 2-3-4). With continued high winds in KEF, the Flight schedule was severely affected.

To avoid the cancellation, the Airline decided to wait for a better weather window and delay the Flight overnight. It was successfully operated as EZY9942 on the next day and arrived in EDI at 23:31z (Exhibits 5-6).

Með umsögninni fylgdu veðurgögn sem sýndu slæmt flugveður.

Þann 27. janúar 2023 upplýsti SGS kvartendur um umsögn EJ og bauð kvartendum að koma á framfæri athugasemdum við umsögn EJ.

Engar athugasemdir bárust frá kvartendum.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

SGS fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til SGS, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal SGS skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjon hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 466/2024. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 466/2024 er SGS sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr.

Auk framangreinds gildir að sé flugi aflýst eiga farþegar rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr., hafi ekki verið tilkynnt um aflýsingu á þann hátt sem mælt er um í i) – iii) liðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. Þetta gildir nema flugrekandi geti sýnt fram á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðarinnar.

Loftferðalögum nr. 80/2022 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þröngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia.

Staðlaðar skaðabætur

Af hálfu EJ er því haldið fram að slæmar veðuraðstæður hafi valdið aflýsingunni þar sem fyrra flug flugrekandans, EJ hafi ekki komst til Keflavíkur vegna veðurs. Af þessum sökum hafnar EJ bótaskyldu.

Í máli þessu ber að skoða hvort aflýsingin telst vera af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu EJ, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Við það mat hefur Samgöngustofa farið yfir veðurgögnin sem EJ kom á framfæri og er samkvæmt þeim staðfest að flugveður þann 20. desember 2022 var slæmt. Sjá einnig í þessu sambandi skýrslu starfshóps á vegum innviðaráðuneytis um lokun Reykjanesbrautar¹ þar sem vont veður er staðfest en í skýrslunni kemur fram að „Aðfaranótt mánudagsins 19. desember gerði óvenjulegan veðurofsa á Reykjaneskaga með þeim afleiðingum að Reykjanesbraut var lokað frá álverinu í Straumsvík að Fitjum frá klukkan 04:04 mánudaginn 19. desember til klukkan 20:59 (16,9 klst.) og aftur frá klukkan 22:19 til klukkan 11:51 þriðjudaginn 20. desember (13,5 klst.).

Með vísan til framangreinds er það mat Samgöngustofu að aflýsingu á flugi kvartenda megi rekja til þess að fyrri flug flugrekanda komst ekki til Keflavíkur, vegna veðurs.

Að mati Samgöngustofu verður því ekki séð að EJ hefði getað komið í veg fyrir aflýsingu á flugi kvartenda og eiga þeir því ekki rétt á stöðluðum skaðabótum samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004.

Úrskurðarorð

Kröfum kvartenda um skaðabætur úr hendi Easyjet vegna aflýsingar á flugi nr. EZY6942 þann 20. desember 2022, er hafnað.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 20. júní 2024.

Kristín Helga Markúsdóttir

Ómar Sveinsson

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Reykjanesbraut%20skyrsla%20starfshops%20januar%202023.pdf>